



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

UPPE2AU05

Kennari	Anna Rún Jóhannsdóttir, anna.run.johannsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudaga 14:00 – 14:40 á kennarastofu.	
Námsefni	Uppeldi – Kennslubók fyrir framhaldsskóla (vefbók) eftir Guðrínu Friðgeirsdóttur, Margréti Jónsdóttur og Sigrúnu Fjólu Hilmarsdóttur. Fæst inn á www.vefbok.is	
Áfangalýsing	Fjallað verður um grundvallarhugtök í uppeldisfræði, uppeldi í sögulegu samhengi og nemendur kynnst lauslega hugmyndafræði nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Nemendur kynna sér ákveðin atriði úr þroskaferli barna og læra um samskipti, vitsmuna- og siðferðisþroska, þróun sjálfsins, listsköpun barna, leiki o.fl. Nemandi fær þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum við að skipuleggja verkefnavinnu, leita upplýsinga, vinna úr gögnum og kynna eigin niðurstöður. Fyrirlestrar, umræður, hópvinna og ýmis verkefni.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Missi nemandi af hlutaprófi þarf að taka það upp á næsta stoðdegi. Ljúka þarf öllum prófum til að klára áfanga.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Hlutapróf x3	45 %
	Skilaverkefni	25 %
	Tímaverkefni og virkni	30 %
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 1 í einkunn fyrir hvern dag sem skilað er of seint.	

Grunnpættir menntunar	• Læsi: Nemendur lesa, greina og túlka texta, hugtök og rannsóknir og þjálfast í gagnrýnni hugsun og miðlun þekkingar. • Sjálfbærni: Nemendur skoða ábyrgð einstaklingsins gagnvart sjálfum sér, öðrum og samfélaginu og áhrif viðhorfa, gilda og hegðunar. • Heilbrigði og velferð: Fjallað er um þætti sem tengjast andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð, svo sem sjálfsmynd, streitu, samskipti og líðan. • Lýðræði og mannréttindi: Nemendur þjálfast í umræðum, rökstuðningi, hlustun og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. • Jafnrétti: Fjallað er um áhrif kyns, menningar, félagslegra aðstæðna og annarra þátta á einstaklinga og tækifæri þeirra. • Sköpun: Nemendur vinna skapandi með viðfangsefni áfangans og tengja fræðileg hugtök við raunveruleg dæmi og verkefni.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Mismunandi kenningum um uppeldi og menntun. • Aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar á Íslandi. • Ýmsum atriðum í þroskaferli barna s.s. siðgæðis- félags- og vitsmunaprofka, sjálfsmynd o.fl.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Beita mismunandi aðferðum við að koma þekkingu sinni á framfæri. • Vinna sjálfstætt og með öðrum. • Bera saman hugmyndir ýmissa uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á skólastarf í Evrópu. • Greina ýmsa þætti í þroskaferli barna.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Greina uppeldisleg álitamál og draga rökstuddar ályktanir þar um. • Taka sjálfstæða afstöðu til mála er varða uppeldi og menntun. • Taka á ábyrgan hátt þátt í umræðu og verkefnum sem tengjast uppeldi.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 1 klst.	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Skilaverkefni	12 klst.	12 klst.
Alls		104 klst. = 5 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga Inngangur – uppeldi	Tímaverkefni
2. vika 24.-28. ágúst	Uppeldi og menntun í tímans rás	Tímaverkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Uppeldi og menntun í tímans rás	Tímaverkefni
4. vika 7.-11. september	Uppeldi og menntun í tímans rás Þroskaferill barnsins	Hlutapróf 1 – 15%
5. vika 14.-18. september	Þroskaferill barnsins	Tímaverkefni
6. vika 21.-25. september	Kynhlutverk og uppeldi	Tímaverkefni
7. vika 28. september-2. október	Kynhlutverk og uppeldi	Tímaverkefni
8. vika 5.-9. október	Samskipti foreldra og barna	Tímaverkefni
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Samskipti foreldra og barna	Hlutapróf 2 – 15%
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Barnateikningar	Tímaverkefni
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Börn og bækur	Tímaverkefni
12. vika 2.-6. nóvember	Börn og bækur Börn og miðlar	Tímaverkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Börn og miðlar	Tímaverkefni
14. vika 16.-20. nóvember	Leikur og leikföng	Tímaverkefni
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Íþróttir og uppeldi	Hlutapróf 3 – 15%
16. vika 30. nóvember-4. desember	Ýmis verkefnavinna	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna Rún Jóhannsdóttir